



Lög Handknattleiksdómarasambands Íslands

I. kafli. Almenn ákvæði og hlutverk

1.gr. Heiti og aðsetur

Handknattleiksdómarasamband Íslands (HDSÍ) er samband virkra deildardómara og eftirlitsmanna í handknattleik á Íslandi. Aðilar að HDSÍ geta þeir orðið, sem lokið hafa handboltadómaraprófi/eftirlitsmannaprófi sem viðurkennt er af dómaranefnd.

Aðsetur HDSÍ og varnarþing skal vera í Reykjavík.

2.gr. Hlutverk og tilgangur HDSÍ

Tilgangur sambandsins er:

- a. að gæta hagsmuna dómara
- b. að semja um gjaldskrá dómara við HSÍ
- c. að halda skrá yfir félagsmenn
- d. að sjá um úthlutun á dómaraþingum og að þeir séu samræmdir í útliti
- e. að velja leikmenn til að hljóta Háttvísiverðlaun HSÍ/HDSÍ ár hvert

II. kafli. Skipulag HDSÍ

3.gr. Stjórnkerfi HDSÍ

Málefnum HDSÍ stjórna:

- a. dómaraþing sem fer með æðsta vald í málefnum HDSÍ og setur lög sambandsins
- b. stjórn HDSÍ sem fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga

III. kafli. Dómaraþing

4.gr. Boðun

Dómaraþingið skal haldið eigi síðar en 1.júní. Skal til þess boðað með rafrænum hætti með minnst 14 daga fyrirvara.

5.gr. Réttur til þingsetu

Á dómaraþinginu hafa virkir félagsmenn atkvæðisrétt, hafi þeir greitt félagsgjald HDSÍ og fer hver þeirra með eitt atkvæði. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrælsi og tillögurétt:



- a. stjórn HDSÍ og varastjórn
- b. fulltrúi HSÍ
- c. dómaranefnd HSÍ
- d. skoðunarmenn HDSÍ
- e. þeir handboltadómarar sem ekki eru starfandi
- f. heiðursfélagar HDSÍ greiða ekki félagsgjöld til HDSÍ
- g. auk þess getur stjórn HDSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu

6.gr. Málefni

Málefni sem óskast tekin fyrir á þinginu, skulu berast stjórn HDSÍ minnst 6 dögum fyrir þingið.

7.gr. Dagskrá

Störf þingsins eru:

1. þingsetning
2. kosning þingforseta og varaþingforseta
3. kosning þingritara og varaþingritara
4. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
5. lagðir fram skoðaðir reikningar HDSÍ
6. umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis
7. tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu
8. teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar
9. Ákvörðun félagsgjald næsta árs
10. kosning formanns til eins árs
11. kosning stjórnar
12. kosning 2ja skoðunarmanna og 2ja til vara
13. önnur mál
14. þingslit.

8.gr. Aukaþing

Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur eða ef helmingur virkra dómara krefst þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings.

Á aukaþingi má ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn 3ja manna, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu reglur og um reglulegt þing.

IV. kafli. Stjórn HDSÍ

9.gr. Kosning stjórnar HDSÍ



Stjórn HDSÍ er kosin á dómraaþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 5 menn.

Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann til eins árs, næst skal kjósa 2 stjórnarmenn til tveggja ára. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Næst skal kjósa 2 menn sem varamenn til eins árs. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Allar kosningar til formanns og stjórnar skulu vera skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir að. Fáir fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

10.gr. Starfssvið stjórnar HDSÍ

Starfssvið stjórnar HDSÍ er:

- a. að vinna að því að tilgangi HDSÍ sé náð
- b. að framkvæma ályktanir dómaráþings
- c. að bera ábyrgð á fjármálum HDSÍ
- d. að gera tillögur um gjaldskrá fyrir dómara
- e. að annast þau mál sem dómara leita til stjórnar með.
- f. að standa fyrir ársfagnaði dómara
- g. Að skipa nefndir HDSÍ

V. kafli. REIKNINGAR

11.gr. Reikningsárið

Reikningsár HDSÍ er frá 1. janúar til 31. desember.

Reikningar HDSÍ skulu undirritaðir af formanni, varaformanni og gjaldkera.

Skoðunarmenn HDSÍ skulu vera sjálfstæðir og óháðir HDSÍ.

Reikningar HDSÍ skulu áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

VI. kafli. Heiðursviðurkenningar

12.gr. Heiðursmerkjanefnd

Heiðursmerkjanefnd skal skipuð af stjórn HDSÍ og skal formaður HDSÍ vera formaður nefndarinnar hverju sinni.

Viðurkenningar HDSÍ eru 4 talsins.



Merki HDSÍ, í litum HDSÍ

Heimilt er að sæma þá, sem stjórn HDSÍ telur að hafi til þess unnið á einn eða annan hátt.

Silfurmerki HDSÍ

Merki þetta er merki HDSÍ úr silfri, með krans, og má aðeins veita það að fenginni tillögu stjórnar HDSÍ. Silfurmerki HDSÍ má veita þeim, sem hafa starfað að dómaramálum í 10 ár. Þó getur stjórn HDSÍ sæmt menn silfurmerki ef sérstök ástæða þykir, án þess að 10 ára starfi sé náð.

Gullmerki HDSÍ

Merki þetta er merki HDSÍ úr gulli, með krans, og aðeins veita að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar. Gullmerki HDSÍ má veita þeim, sem hafa starfað að málefnum að dómaramálum í 20 ár. Þó getur stjórn HDSÍ sæmt menn gullmerki ef sérstök ástæða þykir, án þess að 20 ára starfi sé náð.

Heiðursmerki HDSÍ á krossi.

Heiðursmerki HDSÍ skal vera merki HDSÍ á krossi.

Heiðursmerki HDSÍ skal veitt fyrir frábær störf í þágu dómaramála á Íslandi.

VII. kafli. ÝMIS ÁKVÆÐI

13.gr. Sambandsslit

Tillaga um að leggja HDSÍ niður nær því aðeins fram að ganga, að hún hljóti 3/4 hluta greiddra atkvæða á löglega boðuðu dómaraþingi. Verði HDSÍ lagt niður, skulu eignir sambandsins renna til eflingar dómgæslu í handbolta í landinu.

14.gr. Bráðabirgðarákvæði

Á dómaraþingi þann 16.maí 2015 skal einnig kjósa um 2 stjórnarmenn til eins árs.